

SKÓLASKRIFSTOFA  
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31  
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

## RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson  
þróunarfulltrúi grunnskóla  
vigfus@hafnarfjordur.is

## MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðin að senda tölvupóst á [vigfus@hafnarfjordur.is](mailto:vigfus@hafnarfjordur.is). Þá eru vel þegar ábendingar um það sem betur má fara.

## DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR  
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3900 í nálægt 185 bekkjardeildum og kennarar eru yfir 400 í rúmlega 350 stöðugildum. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.  
[www.aslandsskoli.is](http://www.aslandsskoli.is)
- Engidalsskóli.  
[www.engidalsskoli.is](http://www.engidalsskoli.is)
- Hraunvallaskóli.  
[www.hraunvallaskoli.is](http://www.hraunvallaskoli.is)
- Hvaleyrarskóli.  
[www.hvaleyrarskoli.is](http://www.hvaleyrarskoli.is)
- Lækjarskóli.  
[www.laekjarskoli.is](http://www.laekjarskoli.is)
- Setbergsskóli.  
[www.setbergsskoli.is](http://www.setbergsskoli.is)
- Víðistaðaskóli.  
[www.vidistadaskoli.is](http://www.vidistadaskoli.is)
- Öldutúnsskóli.  
[www.öldutunsskoli.is](http://www.öldutunsskoli.is)
- Barnaskóli Hjallastefunnar  
[www.hjalli.is/bsk7610](http://www.hjalli.is/bsk7610)



## Skólavefritið

5. ÁRGANGUR, 31. TBL.

12. JÚNÍ 2009

## Viðurkenning fræðsluráðs Hafnarfjarðar 2009

Áslandsskóli, Hvaleyrarskóli ásamt Lindu Hrönn Helgadóttur, kennara og Leikskólinn Smáralundur hljóta viðurkenningu fræðsluráðs 2009.

Áslandsskóli hlýtur viðurkenninguna fyrir gott dæmi um heppilega innleiðingu SMT-skólafærni.

Hvaleyrarskóli og Linda Hrönn Helgadóttir hljóta viðurkenninguna fyrir árangursríka innleiðingu sjálfsmats og árangursstjórnunar í skólanum.

Nánari kynningu á viðurkenningu fræðsluráðs 2009 er að finna í fréttadálki á vef bæjarins.

Leifur S. Garðarsson, skólastjóri Áslandsskóla og Elly Erlingsdóttir, formaður fræðsluráðs við verðlaunaafhendinguna.



Lind Hrönn Helgadóttir, kennari, Helgi Arnarson, skólastjóri Hvaleyrarskóla og Elly Erlingsdóttir, formaður fræðsluráðs við afhendingu verðlaunanna.



## Vísindarannsókn Engidalsskóla og Bergen

Í Engidalsskóla vinna 6. bekkingar að vísindarannsókn í samstarfi við Kennaraháskóla í Bergen í Norgei. Rannsóknin felst á að bera saman líkamlega virkni barna á sama aldri í tveimur löndum og nefnist *Að nota líkamann - umhverfisvænt val*. Rannsóknin hófst í vor og heldur áfram í haust. Markmiðið er að hvetja nemendur til að nota líkamann og benda á að okkar er valið hvort við kjósum að nota líkamann eða förum allra okkar ferða í bíl.

Framkvæmd rannsóknar í Engidalsskóla er eftirfarandi: Nemendur settu á sig skrefamæla við komu í skólann á mánudagsmorgni

og fengu afhent skáningargögn. Þar átti að krossa við mismunandi tegund hreyfingar og skrá skrefafjölda dagsins. Einnig fylgdi dagbók þar sem nemendum gafst tækifæri til að skrá ýmislegt sem tengist daglegri hreyfingu. NÁKVÆMNI og HEIÐARLEIKI voru höfð að



leiðarljósi, enda grundvöllur að góðri rannsókn. Rannsóknin stóð yfir í sjö daga.

Niðurstöður mælinganna úr Engidalsskóla eru nú á leiðinni til úrvinnslu í Bergen. Til gamans má geta þess að fullnægjandi hreyfing barna er að lágmarki 10.000 skref á dag. Rannsóknin er undir stjórn kennaranna Benediktu ([benediktab@engidalsskoli.is](mailto:benediktab@engidalsskoli.is)) og Jónínu ([ina@engidalsskoli.is](mailto:ina@engidalsskoli.is)).

Sjá ítarlegri kynningu á vef bæjarins.

Tveir 6. bekkingar sem eru þátttakendur í rannsókninni með skrefamælinn sinn.

## Skólapróun



## FRÉTTIR

### úr stjórn- kerfi

## Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 8. júní  
183. fundur:

- Bréf kynnt frá skólaráði Öldutúnsskóla með beiðni um fjármagn til að hefja byggingu íþróttahúss við skólann. Er framarlega í forgangsröðun fræðsluráðs en engin tímasetning komin á framkvæmdir þótt deiliskipulagi hafi verið breytt vegna væntanlegs íþróttahúss.
- Bréf frá skólaráði Víðistaðaskóla með beiðni um aukið fjármagn til kennslutíma-úthlutunar til skólans næsta skólaár. Fer í skoðun á fræðsluviði.
- Lögð fram umsögn skóla-  
stjóra Áslandsskóla um þörfina fyrir íþróttahús við skólann. Tekið er undir tillögu um áframhald málsins af fræðsluráði.
- Fræðsluráð óskar Sylvíu Pétursdóttur, grunnskóla-  
kennara og Áslandsskóla til hamingju með að hafa fengið Íslensku menntaverðlaunin 2009 í flokki ungra kennara.

## Tilkynning vikunnar

*Skólavefritið* fer nú í sumarfrí. Lesendum er þakkað samstarfið í vetur.

Til fróðleiks. *Skólavefritið* hefur komið út síðan 1. apríl 2005. Á þeim tíma hafa komið út 153 tölublöð af blaðinu. Mest hafa komið út 38 blöð á einu skólaári en í ár urðu blöðin 31.

Næsta blað  
*Skólavefritsins* er  
væntanlegt föstudaginn  
14. ágúst 2009

## Tilkynningar og fréttaskot í lok skólaárs

» Það voru 21 röskir starfsmenn Hraunvallaskóla sem gengu yfir Fimmvörðuháls síðasta laugardag. Lagt var í hann kl. 8:30 að morgni og komið í Þórsmörk um klukkan 18. Þar beið þeirra fimm manna móttöku-nefnd. Ferðin tókst í alla staði mjög vel. Þegar er hafið að leggja að drög að næstu ferð. Myndin er af gönguhópnum.



» Sylvía Pétursdóttir, kennari í Áslandsskóla hlaut fyrir stuttu menntaverðlaun forseta Íslands í flokki ungra kennara. Verðlaunin eru veitt árlega til kennara sem þykja hafa sýnt fagmennsku í starfi svo eftir sé tekið. Myndin er tekin við afhendingu verðlaunanna fyrir stuttu.

Til hamingju Sylvía!

» Nemendur í 5. bekkjum í Engidalsskóla hafa verið kvikmyndaðir að starfi í skólanum að undanförunu. Tilefnið er að þeir eru þátttakendur í alþjóðlegu kvikmyndaverkefni um skólastarf á 21. öldinni. Upplýsingar má finna á [www.21foundation.com](http://www.21foundation.com). Markmið verkefnisins er: **Our aim is to raise awareness, understanding and the importance of implementing learning that will nurture our 21st century citizens.**



» Menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, heimsótti sýningu fjölnámsins í Lækjar-skóla í síðustu viku. Þar gaf að líta margvíslega vinnu nemenda eftir vetrarstarfið. Þarna voru til sýnis verk úr smíðum, hannyrðum, myndmennt o.fl. sem unnin voru eftir margvíslegum aðferðum. Fróðleg og skemmtileg sýning. Myndin sýnir Kristínu Maríu Indriðadóttur, deildarstjóra fjölnámsins, leiða ráðherra um sýninguna.